

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 124/2012****2012/EES/63/02****frá 13. júlí 2012****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2012 frá 15. júní 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1276/2011 frá 8. desember 2011 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar meðhöndlun til að drepa lífvænlega sníkla í fiskafurðum til manneldis ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 17. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004) í hluta 6.1 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

„– **32011 R 1276**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1276/2011 frá 8. desember 2011 (Stjtið. ESB L 327, 9.12.2011, bls. 39).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1276/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júlí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 270, 4.10.2012, bls. 3, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 4.10.2012, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 327, 9.12.2011, bls. 39.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.